

hefði í hyggju að hverfa aftur til dvalarlandsins, svo og hvort hann í fjarveru 77
sinni hefði haldið sambandi við dvalarlandið og í hve ríki mæli. 20. júní

Sömu sjónarmiðum skal beitt, er meta skal fjarvist manns vegna farmennsku á erlendum skipum eða vegna herskyldu í heimalandinu.

Farmennska á skipum dvalarlands telst ekki fjarvera.

Þá skal og að því er varðar ákvæði 7. gr. lögskráning á íslenskt, danskt, finnskt, norskt eða sænskt skip jafngilda því, að maður flytjist til hlutaðeigandi lands, enda þótt lögskráning fari fram, meðan skipið hefur viðdvöl í öðru landi.

Loka-bókun þessi öðlast gildi um leið og ofangreindur samningur, og skal vera honum jafngild og taka til sama tíma og hann.

Loka-bókun þessa skal varðveita í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, sem senda skal staðfest eftirrit hverju hinna samningsríkjanna.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þessa loka-bókun.

Gert í Stokkhólmi í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 9. janúar 1951.

Helgi P. Briem.

AUGLÝSING

78

20. júní

um aðild Íslands að Alþjóða-hveitisamningnum.

Hinn 2. janúar 1951 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent aðildarskjal Íslands varðandi Alþjóða-hveitisamninginn (International Wheat Agreement), sem undirritaður var í Washington hinn 23. marz 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

79

25. júní

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins.

Hinn 22. maí 1951 gengu í gildi eftirfarandi breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins:

23. gr. orðist þannig:

- a. Ráðgjafarþingið getur rætt og gert tillögur um öll þau mál, sem falla undir markmið og starfssvið Evrópuráðsins, eins og skilgreint er í I. kafla. Það skal einnig ræða og getur gert tillögur um hvert það mál, sem ráðherranefndin vísar til þess til umsagnar.
- b. Þingið skal semja dagskrá sína í samræmi við ákvæði stafliðs a. að framan.

79
25. júní

- Í því sambandi skal þingið hafa hliðsjón af starfi annarra milliríkjastofnana Evrópu, sem sum eða öll þáttökurikin eru aðilar að.
- c. Forseti ráðgjafarþingsins skal, þegar vafi leikur á, úrskurða, hvort mál, sem lagt hefur verið fyrir þingið á meðan það starfar, falli undir dagskrá þingsins.

Fyrsti málsliður staflíðs a. 25. gr. orðist svo:

Ráðgjafarþingið skal skipað fulltrúum hvers þáttökuríkis, sem kjörnir eru af þingi þess eða tilnefndir eru á þann hátt, sem þing þess kann að ákveða; þó getur ríkisstjórn hvers þáttökuríkis tilnefnt fulltrúa til viðbótar eftir því sem þörf krefur, þegar þing hlutaðeigandi lands situr eigi og hefur eigi mælt fyrir um þá aðferð, sem viðhafa skuli, er svo stendur á.

27. gr. hljóði svo:

Ráðherranefndin setur í samráði við þingið reglur um það, hvenær hún skuli eiga sameiginlegan fulltrúa við umræður í ráðgjafarþinginu eða hvenær einstakir fulltrúar nefndarinnar eða varamenn þeirra skuli geta tekið til máls á þinginu.

34. gr. hljóði svo:

Kveðja má ráðgjafarþingið saman til aukafunda að frumkvæði ráðherranefndarinnar eða forseta ráðgjafarþingsins á þann hátt, sem þeim kemur saman um, og skal þar einnig kveðið á um fundarstað og tíma.

Við 38. gr. bætist svo hljóðandi staflíður e.:

- e. Aðalforstjóri skal enn fremur leggja fyrir ráðherranefndina áætlun um kostnað, sem leiða myndi af framkvæmd hvefrrar tillögu, sem lögð er fyrir nefndina. Eigi skal talið að ráðherranefndin hafi samþykkt tillögu, sem hefur í för með sér aukin útgjöld, nema nefndin hafi einnig samþykkt áætlanir um aukin útgjöld í því sambandi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, 25. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.